

# Fundargerð 48. fundar

## verkefnisstjórnar um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2019, fimmtudaginn 6. júní kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Björn Hafsteinn Halldórsson, Ína Björk Ársælsdóttir, Jón Halldór Norðfjörð, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Yfirlit yfir stöðu þingmála - 1809013SA

Sviðstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins lagði fram yfirlit um stöðu helstu þingmála á sviði umhverfis- og skipulagsmála.

*Rætt var almennt um þau þingmál sem snerta verkefni verkefnisstjórnarinnar.*

### 2. Skipan verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 1810077SA

Farið var yfir núverandi skipan verkefnisstjórnar. Nýir varamenn eru Grétar Ingi Erlendsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Ölfusi og Ólafur Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar. Guðmundur B. Friðriksson skrifstofustjóri umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar greindi frá því að fyrirhugað væri að Friðrik Klingbeil nýr starfsmaður sviðsins tæki sæti í verkefnisstjórninni í stað Eygerðar Margrétardóttir sem hefur verið fulltrúi Reykjavíkurborgar.

*Sambandið mun óska formlega eftir nýjum fulltrúa frá Reykjavíkurborg.*

### 3. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - fundargerð 47. fundar - 1810077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 47. fundar verkefnisstjórnarinnar frá 17. desember 2018.

*Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.*

### 4. Förgunarleiðir úrgangs á SV-landi - horfur næstu ára - 1905034SA

Björn H. Halldórsson framkvæmdarstjóri SORPU bs. greindi frá fundi um meðhöndlun úrgangs á SV-horninu sem haldinn var 5. júní sl. Hvatinn að fundinum er óvissa um meðhöndlunarleiðir úrgangs á svæðinu eftir að fyrirhuguð lokun urðunarstaðarins í Álfsnesi tekur gildi 1. janúar 2021. Ekki hafa fundist nýir farvegir fyrir förgun úrgangs eftir þann tíma. Minnisblað SORPU bs. um málið var lagt fram. Ræddir kostir þess að stofna vinnuhóp um málið.

*Ákveðið að taka aftur upp á næsta fundi verkefnisstjórnarinnar.*

## **5. Regluverk úrgangsmála og stefna ráðherra - 1905035SA**

Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins sagði frá því að samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er vinna hafin við gerð stefnu um meðhöndlun úrgangs, sem ráðherra er skylt að setja skv. lögum um meðhöndlun úrgangs, og er nú í vinnslu í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Stefnan mun koma í stað Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013-2024. Undir þessum lið var rætt um mikilvægi þess að nýta metan til samgangna sér í lagi í ljósi þess að tilkoma gas- og jarðgerðarstöðvar árið 2020 mun auka framboð metans verulega. Hentugt væri að almenningsvagnar yrðu í meira mæli knúnir metani. Bent var á að sveitarfélög geti stutt við notkunina með skilyrðum í innkaupasamningum, s.s. vegna sorphirðu og annarra ökutækjapjónustu á vegum þeirra.

## **6. Plastlaus september - samstarfsverkefni - 1904031SA**

Verkefnisstjórninni barst fyrirspurn frá Plastlausum september um möguleika á samstarfi. Heiður Magný Herbertsdóttir og Sigríður Jónasdóttir fulltrúar Plastlaus september mættu á fundinn. Nokkur sveitarfélög hafa stutt verkefnið í gegnum árin. Fulltrúar verkefnisins sögðu frá verkefninu og heimasíðu þess. Þeir óskuðu eftir aðstoð við að kynna verkefnið og hvetja sveitarfélögin til aukinnar þátttöku. Stofnanir sveitarfélaganna geta t.a.m. sett sér markmið og kynnt þannig verkefnið auk þess sem verkefnið er með fræðslu fyrir grunnskóla og framhaldsskóla um plast.

*Verkefnisstjórnin tók vel í erindið og bauð aðstoð við að koma upplýsingum um verkefnið á framfæri.*

## **7. Úrvinnslusjóður - verkefni sjóðsins að undanfögnu - 1512014SA**

Bryndís Gunnlaugsdóttir og Lúðvík E. Gústafsson, fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs mættu á fundinn. Farið var yfir stöðu ýmissa mála hjá sjóðnum. Ársreikningar sjóðsins fyrir árin 2017 og 2018 hafa ekki enn verið samþykktir vegna ágreinings við Fjármálaráðuneytið um hvernig gera eigi upp sjóðinn vegna breytinga á lögum um opinber fjármál. Þar sem sjóðurinn er samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins er ekki um venjulega ríkisstofnun að ræða og þarf ársreikningurinn að endurspeglar að til staðar sé framleiðendaábyrgð líkt og lög kveða á um. Sjóðurinn hefur jafnframt fengið erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um úrvinnslugjald á gler ásamt því sem umræða er um úrvinnslugjald á fleiri úrgangsflokka. Einnig hefur verið óskað eftir samráði við sjóðinn um útfærslu á álagningu úrvinnslugjalds á rafhlöður í rafdrifnum ökutækjum.

*Verkefnisstjórnin þakkar Bryndísi Gunnlaugsdóttur og Lúðvíki E. Gústafssyni fyrir greinagóða yfirferð á verkefnum Úrvinnslusjóðs og fylgist áfram með málefnum sjóðsins.*

## **8. Samráðsvettvangur sveitarfélaga um loftslagsmál, Heimsmarkmið SP og umhverfismál almennt - 1905036SA**

Eygerður Margrétardóttir sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum greindi frá stofnfundi samráðsvettvangs sveitarfélaganna um loftslagsmál og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sem haldinn verður 19. júní nk. Hlutverk vettvangsins er enn

Í mótun en honum er ætlað að efla og styrkja sveitarfélögin til samstöðu og samtals um loftslagsmál og málefni sjálfbærrar þróunar.

#### 9. Önnur mál - 1803048SA

Sviðstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins sagði frá fundi sem haldinn var 6. júní sl. með forsvarsmönnum Sorporku.

Rætt var um málþing um úrgangsstjórnun á vegum Verkís ehf. sem haldið var þann 30. apríl sl. Dr. Ella Stengler, framkvæmdastjóri CEWEP, var með afar áhugavert erindi sem fjallaði um meðhöndlun úrgangs þá sér í lagi brennslu með orkunýtingu og regluverk í Evrópu.

Fundi var slitið kl. 14:00

---

Björn Hafsteinn Halldórsson

---

Ína Björk Ársælsdóttir

---

Jón Halldór Norðfjörð

---

Guðmundur Benedikt Friðriksson

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

---

Freyr Ævarsson